



Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Í Ólafsfirði 1-20. nóvember 2001.

Umsögn bæjarráðs Ólafsfjarðarbæjar vegna frumvarps til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45 1998. Þingskjal 15 – 15. mál frá 128 löggjafarþingi 2002-2003.

Á fundi bæjarráðs Ólafsfjarðarbæjar þann 19. nóvember 2002 var frumvarp til sveitarstjórnarlaga 15. mál, íbúáþing, kynnt og rætt. Umsögn bæjarráðs er svo hljóðandi:


“Það er skylda kjörinna fulltrúa sem og starfsmanna sveitarfélaga að leitast eftir sem nánustu samstarfi við íbúa í hverju því máli sem varða hagsmuni þeirra og sveitarfélagsins. Þessari skyldu er hægt að sinna á margvíslegan hátt. Íbúáþing er ný og áhugaverð leið í þessum efnum.

Við hér í Ólafsfjarðarbæ höfum fylgst af áhuga með framkvæmd þeirra íbúáþinga sem sveitarfélög smá og stór, hafa verið að halda að undanfögnu og vonast til að geta lært af reynslu þeirra.

En við getum ekki mælt með að sveitarstjórnun sé gert skylt að standa fyrir íbúáþingi á hverju kjörtímabili nema að þeim séu tryggðar fjárveitingar til að standa straum af þeim kostnaði sem af slíku þinghaldi stafar.

Við viljum ítreka að þetta sjónarmið á við öll ný verkefni sem bæði löggjafarvald og/eða framkvæmdavald hyggjast leggja á sveitarfélögin í landinu”.

F.h. bæjarráðs Ólafsfjarðarbæjar


Stefanía Traustadóttir
bæjarstjóri